

## Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 12. nóvember, var haldinn 140. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 11.50. Viðstödd voru: Teitur Atlason, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir, Margrét Marteinsdóttir, Börkur Gunnarsson og Gréta Björg Egilsdóttir. Einnig sátu fundinn þau Sigþrúður Erla framkvæmdastjóri og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina.

### Þetta gerðist

1. Kynning á Vesturbugt. Borghildur S Sturludóttir og Halldóra Hrólfsdóttir frá USK komu og kynntu breytt skipulag á Vesturbugt.

- Kl. 12.05 Kjartan tekur sæti á fundi
- Kl. 12.05 Margrét tekur sæti á fundi

Fundarmenn ræddu þessar breytingar og var m.a. rætt um íþróttaaðstöðu og útivistar- og leiksvæði sem er af skornum skammti í Vesturbænum.

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Enn hyggst borgarstjórnarmeirihlutinn auka byggingarmagn í Vesturbugt, þvert á fyrri yfirlýsingar. Nái umrædd deiliskipulagstillaga fram að ganga, mun íbúðum á reitnum fjölga úr 123 í 170 eða um 38%. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að byggingarmagn (lóðanýting, rúmmál og hæð húsa) samkvæmt deiliskipulaginu sé of mikið miðað við grunnflöt og heildaryfirbragð aðliggjandi byggðar. Gamli Vesturbærinn hefur í meira en öld þróast í nánú sambandi við höfnina og sjávarútveginn en með fyrirhuguðum byggingum verður lokað á tengsl við höfnina og sjávarsíðuna. Hið nýja hverfi mun einkennast af einsleitum byggingum sem eiga lítið skylt við eldri byggð og byggingarsögu borgarinnar en við teljum að yfirbragð og fjölbreytileiki Gamla Vesturbæjarins eigi að vera ríkjandi á svæðinu. Lítil áhersla er lögð á opin svæði og ekki er gert ráð fyrir sparkvelli á svæðinu eins og óskað hefur verið eftir. Ljóst er að byggðin verður án raunhæfra kosta í bílastæðamálum fyrir íbúa og atvinnufyrirtæki á svæðinu en aðeins er gert ráð fyrir 0,8 bílastæðum á íbúð. Graeme Massie arkitektar, sem áttu vinningstillögu í opinni hugmyndasamkeppni um rammaskipulag gömlu hafnarinnar, hafa sent frá sér yfirlýsingu um að stóra þætti í vinningstillögunni sé ekki að finna í deiliskipulaginu.

2. Bílastæðamál í Vesturbænum: Frestað til næsta fundar.

### Fundi slitið kl. 12.45

Teitur Atlason (sign)

Kjartan Magnússon (sign)  
Marta Guðjónsdóttir (sign)

Margrét Marteinsdóttir (sign)